

**25. fundur í háskólaráði LbhÍ** haldinn á Keldnaholti 28. október 2010 kl. 10:30.

Mættir: Jón Torfi Jónasson, Haraldur Benediktsson, Stefán Logi Haraldsson, Emma Eyþórsdóttir, Orri Páll Jóhannsson, Iðunn Hauksdóttir, Þórhallur Bjarnason, Ágúst Sigurðsson rektor, og Þorvaldur T. Jónsson sem ritar fundargerð. Ásmundur Einar Daðason boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundargerð 24. fundar ráðsins. Samþykkt samhljóða að teknu tilliti til athugasemda.

2. Þróun mála frá síðasta fundi. ÁS lýsti eftirfylgni með stefnumótun 2009 – 2013 og hvernig gengur að ná þeim markmiðum sem þar eru sett fram. Einhver dæmi eru um verkefni sem er lokið, önnur eru í ferli eða á ís í bili. Miðað við mælikvarða er LbhÍ að nálgast að vera komið hálfa leið í að ná þeim markmiðum sem sett eru fram. Þann 11. nóvember nk. verður fyrsti doktorinn útskrifaður frá LbhÍ og er það jafnframt fyrsti doktorinn sem lýkur námi við íslenskan háskóla utan Háskóla Íslands.

3. Samstarfsnet opinberra háskóla. Á fundinn kom Björn Þorsteinsson aðstoðarrektor kennslumála. Hann ásamt ÁS gerði grein fyrir þeirri vinnu sem Menntamálaráðuneytið setti af stað í haust um samstarf opinberra háskóla, þ.e. Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólans á Hólum. Verkinu stýrir sjö manna verkefnisstjórn sem í sitja m.a. rektorar háskólanna. Fjórir vinnuhópar gera tillögur um samstarf á afmörkuðum sviðum: 1. um gæði kennslu og nemendur, 2. um gæðakerfi, 3. um upplýsingakerfi og 4. um stoðþjónustu. Markmiðið með samstarfinu er ekki síst að auka möguleika nemenda til samsetningar náms með því að sækja námskeið í fleiri en einum skóla og að samræma gæðakerfi, verklag og vinnubrögð. Talsverð umræða varð um samstarf og sérstöðu, kosti og galla.

4. Fjármál. ÞTJ gerði grein fyrir helstu þáttum í rekstraráætlun ársins 2011. Rætt um fjárhagsstöðu skólans og fram komu mikilvægar ábendingar, m.a. um mikilvægi þess að aðgreina fastan og breytilegan launakostnað. Háskólaráð hvetur stjórnendur til að sækja fram í öflun nýrra verkefna til að styrkja rekstrargrundvöll skólans. Jafnframt stendur háskólaráðið að baki stjórnendum í því að gæta aðhalds í rekstrinum og grípa til þeirra ráðstafana sem þarf til að halda útgjöldum innan fjárlagarammans.

5. Breytingar á reglum um MS nám. BÞ gerði grein fyrir breytingum á reglunum en í þeim felst m.a. að aðstoðarrektor rannsóknamála hefur nú umsjón með rannsóknanámi. Þá eru breytingar sem varða umsóknarfrest um rannsóknaverkefni og inntökukröfur. Lágmarkseinkunn í grunnnámi þarf nú að vera 7,25 til að hefja meistaranám í stað 6,5 áður. Út frá þessu varð umræða um vægi lokaprófa í heildareinkunn og hvort lokapróf sem gilda 80% af heildareinkunn séu réttur mælikvarði á getu nemenda í Ms námi. Reglurnar síðan samþykktar en fulltrúi nemenda IH greiddi ekki atkvæði.

6. Önnur mál. ÁS greindi frá því að LbhÍ væri að undirbúa innleiðingu málstefnu, þ.e. stefnu í notkun og meðferð íslensks máls. Munu drög að henni verða lögð fyrir á næsta fundi, en stefnt er að honum þann 16. desember á Hvanneyri. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:20.